

AUGLÝSING

(VII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 604/2017 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2017/2018 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Súðavíkurhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist og verður þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 *eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga*, við lok umsóknarfrests.
- b) b-liður 1. gr. breytist og verður þannig: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2017.
- c) 1. málsl. c-liðar 1. gr. breytist og verður þannig: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2017.
- d) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarís, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *á þann veg að 30% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi. 70% byggðakvótans í Súðavík skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðiaríð 2016/2017 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*
- e) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, *og einnig úthlutuðum byggðakvóta*, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Vopnafjarðarhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarís, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, skal skipt þannig: byggðakvóti skal skiptast *hlutfallslega* milli báta undir 1.000 brúttótonnum, sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og skráð voru á Vopnafirði 1. júlí 2017.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur Vopnafjarðarhrepps um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2017/2018, samkvæmt auglýsingu nr. 336/2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. apríl 2018.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Baldur P. Erlingsson.

Annas Jón Sigmundsson.